

Nd.

28. Frumvarp

til laga um lögreglustjóra í Bolungavík.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Hólshrepps, embættisgengan lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf í Hólshreppi, innheimtu tolla og gjalda til rikissjóðs, fógetavald, lögreglustjórn og dómsveld í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þar með innheimtu allra hreppsgjalda, enda sé hann sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrétti um öll mál nefndarinnar.

3. gr.

Lögreglustjóri skal hafa að launum 2000 krónur á ári úr rikissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, sem 2. gr. tiltekur, fær hann að auk laun fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfsvið lögreglustjórans, er starf lians snertir, skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum heppsnefndar Hólshrepps og sýslumannsins í Ísafjarðarsýslum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi og samþykkt til Ed., en náði ekki að verða útrætt þar, með því að það var seint á ferð. Er það flutt á ný fyrir itrekuð tilmæli hreppsnefndarinnar í Hólshreppi.

Fylgiskjal I.

Bolungavík, 20. jan. 1933.

Á fundi hreppsnefndar Hólshrepps þann 2. jan. 1933 var samþykkt svo hljóðandi tillaga:

„Hreppsnefndin samþykkir að skora á Alþingi að stofna sérstakt lögreglustjóraembætti í Hólshreppi, og með svipuðu fyrirkomulagi og i Ytri-Akranes-hreppi“.

Í sambandi við þessa tillögu var samþykkt tillaga um að fela oddvita að boða til almenns borgarafundar um málið.

Báðar tillögurnar samþykktar með 6 samhljóða atkv.

Á almennum borgarafundi, sem haldinn var hér þann 17. þ. m. um þetta mál, var samhljóða tillaga samþykkt.

Fyrir því leyfum vér oss hér með að fara fram á, að hið háa Alþingi verði við þessari áskorun og stofni þegar á þessu ári sérstakt lögreglustjóraembætti í Hólshreppi, og sé svo ákveðið, að lögreglustjórinn sé skyldur til að gegna störfum hreppsnefndaroddvita.

Ástæðan til þess, að þetta er fram komið og að oss er nauðsyn á að fá þessu framgengt, er einkum sú, að til vandræða horfir með að fá mann til þess að gegna oddvitastörfum hér í hreppi. Skál í því sambandi bent á, að um áramótin 1931—1932 hvarf þáverandi oddviti frá starfinu, með því að tilkynna flutning á heimilisfangi sínu, en hefir samt sem áður haft búsetu í hreppnum síðan. Leit hreppsnefndin svo á, að slíkur flutningur væri ekki löglegur, og krafðist úrskurðar í málinu. Féll úrskurður á þá leið, að manninn bæri að skoða löglega fluttan. Úrskurði þessum áfrýjaði hreppsnefndin til ráðuneytisins, en með bréfi dags. 22. marz síðastl. gefur ráðuneytið til kynna, að sýslunefndaroddviti hafi fullnaðar úrskurðarvald í slíkum málum, og hefir því úrskurðinum ekki verið hnekkkt.

Virðist þetta ætla að endurtaka sig, því með bréfi dags. 6. des. síðastl. til hreppsnefndarinnar biður núverandi oddviti um lausn frá oddvitastörfum, frá

siðastl. áramótum að telja. Var á fundi hreppsnefndarinnar sama dag synjað um lausnina. En á fundi nefndarinnar 2. jan. þ. á. las oddviti upp tilkynningu um, að hann sæi sig knúðan til að flytja heimili sitt úr hreppnum, ef nefndin héldi fast við þá ályktun að veita sér ekki lausn frá oddvitastörfum. En á þeim sama fundi kom fram, eins og áður er sagt, tillaga um að fá hér stofnað sérstakt lögreglustjóraembætti, og einkum með tilliti til þess, að það fengist þegar á komandi sumri, hefir það orðið úr, að oddviti héldi störfum áfram fyrst um sinn, eða þar til á næsta sumri.

Eins og sjá má af framansögðu, er ástandið orðið óviðunandi, og má í sjálfu sér lita svo á, að það sé ekki óeðlilegt, þegar þess er gætt, hve umsvifamikil störf hreppsnefndaroddvita í Hólshreppi eru, en hinsvegar ekki fært að greiða svo fyrir þau störf, að hægt sé að lifa af þeim launum einum saman, og er því starfið haft sem aukastarf, og í mörgum tilfellum samfara óhliðstæðum störfum, sem er að mörgu leyti óheppilegt og mjög óþægilegt fyrir hlutaðeiganda.

Af því, sem þegar hefir verið tekið fram, og fleiru, sem fram hefir komið í sambandi við þetta mál á áminntum hreppsnefndarfundum, litur út fyrir, að ekki verði unnt að fá hæfan mann til þess að gegna hér oddvitastörfum, með þeim kröfum, sem til hans verður að gera, og þeim launum, sem verið hafa; er oss því brýn nauðsyn á að fá þá breytingu, sem hér er farið fram á.

Treystum vér því, að hið háa Alþingi bregðist vel við máli þessu og stofni með lögum þegar á næsta þingi umbeðið lögreglustjóraembætti í Hólshreppi.

Virðingarfyllst.

Í hreppsnefnd Hólshrepps:

Jóh. Teitsson. Einar Guðfinnsson. Finnbogi Guðmundsson.
Finnbogi Bernóðusson. H. Gunnarsson. H. Kristinsson.

Til
Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Bolungavík, 29. okt. 1933.

Á fundi hreppsnefndar Hólshrepps í dag var samþykkt í einu hljóði að fela þingmanni kjördæmisins að leggja fyrir næsta þing frumvarp um stofnun lögreglustjóra í Bolungavík þegar á þessum vetri.

Fyrir því er yður, herra alþingismaður, hér með falið að leggja mál þetta fyrir í hönd farandi Alþingi, og er þess vænt, að þér fylgið því fram til sigurs á þinginu.

Málið er svo kunnugt af meðferð þess á síðasta þingi, að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það hér, en óska, að þér látið oss vita, ef þér teljið yður þurfa frekari skýringar á því.

Virðingarfyllt.

Oddviti Hólshepps:

Jóh. Teitsson.

Til
herra alþingismanns Vilmundar Jónssonar, Reykjavík.